

5. fundur Öldungaráðs Norðurbings

Miðvikudaginn 4. mars kl 13:00, á skrifstofu Norðurbings á 2 hæð í Kaupfélagshúsinu.

Mætt eru: Sunna Mjöll Bjarnadóttir, Frímann Sveinsson, Edda Björg Sverrisdóttir og Jón R. Gíslason.

Smári Kárason, Ingvar Vagnsson, Lilja Skarphéðinsdóttir og Helgi Ólafsson boða forföll.

Lára Björg Friðriksdóttir félagsmálastjóri Norðurbings situr fundinn undir lið 1.

Sunna Mjöll Bjarnadóttir ritar fundargerð.

Fundur hefst 13:05.

Dagskrá fundar:

1. Útfærsla á lögbundnu félagsstarfi eldri borgara í Kelduhverfi, Öxarfirði, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Félagsmálastjóri greinir frá því að á Fjölskylduráðsfundi var henni falið að kynna útfærslu á lögbundnu félagsstarfi eldri borgara í Kelduhverfi, Öxarfirði, Kópaskeri og Raufarhöfn fyrir Öldungarráði. Félagsmálastjóri segir frá breytingum sem eru fyrirhugaðar. Hugmyndin er að lögbundið félagsstarf fari fram 1x í viku á Kópaskeri og 1x í viku á Raufarhöfn, í 4.5 tíma í senn á hvorum stað. Auglýst verður eftir starfsmanni til að sinna því starfi. Reynt yrði að tryggja að félagsstarfið á vegum félagsþjónustu Norðurbings verði ekki á sömu dögum og félög eldri borgara eru með sína eigin dagskrá.

Öldungaráð styður þessa tillögu félagsmálastjóra að útfærslu á lögbundnu félagsstarfi eldri borgara í Kelduhverfi, Öxarfirði, Kópaskeri og Raufarhöfn.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál voru til umfjöllunnar.

Fundi slitið kl. 13:35